

## Samskeytalaus leiðandi iðnaðargólf - tæknilýsingarblað

### Efnislýsing:


StoFloor ESD Rigid KU 611/613 er leiðandi/hálfleiðandi þriggja þátta leysiefnalaust fjölliðuefni sem samanstendur af tveggja þátta epoxý bindiefni og leiðandi trefjum eða fylliefnum.

### Kostir:

Helstu kostir efnisins eru að það er sjálfútljótandi, slitsterkt álagspolið, fljótlegt að leggja og algerlega vatnshelt. Efnið er með sléttri áferð og því mjög auðvelt að þrifa. Efnið er leiðandi/hálfleiðandi og myndast því ekki stöðurafmagn við það. Efnið er leysiefnalaust og því ekki mengandi fyrir matvæli eða umhverfið, hvorki við lögn né eftir á.

### Notkunarsvið:

Helsta notkunarsvið efnisins eru gólf í rafiðnaði, þar sem sprengihætta er eða geymslusvæði fyrir raftæki. Þar sem álag er mikið og krafa er um leiðandi og auðþrífanlegt yfirborð. Hægt er að fá efnið í RAL litunum. Nánari upplýsingar hjá sölumanni eða með því að kynna sér sérstakan leiðbeinandi bækling um leiðandi gólfefni.



### Vinnslutími:

- ♦ Tími við lögn: 3-4 dagar
- ♦ Gönguhæft: 18-20 klst/20°C

### Vinnsluferli:

Steinsteypa þarf að vera minnst 28 daga gömul frá lagningu, undirlag sé með a.m.k. 25N/mm brotstyrk að öðrum kosti þarf að styrkja yfirborðið með epoxý bindiefni, hlutfallsraki sé minni en 80% í yfirborði undirlags og að lofthiti sé yfir 18°C á meðan lögn fer fram.

Lagning efnisins skal eingöngu framkvæmd af sérþjálfuðum lagningarmönnum.

### Umhirða:

Endingartími gólfefnis getur meðal annars byggst á reglulegum þrifum og góðri umhirðu. Gólfefnið skal þrifið með réttum efnum til að fjarlægja m.a. Dekkjaför og önnur illþrífanleg óhreinindi. Gólfefni í matvælaíðnaði er almennt nægjanlegt að þrifa með 50°C heitu vatni og hreinsiefnum skv. Þrifaplani frá framleiðanda hreinlætisvara. Nýtt gólfefni getur í sumum tilfellum verið kjörið tækifæri til að bæta umgengni á vinnustað.